

## Starfsáætlun í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla

2017-2018

**Greniholt (25 börn, 19 börn fædd 2014 og 6 börn fædd 2015)**

**Kennarar: Hulda Ósk, Eydís, Borghildur Ína, Ragnar Logi og Helga Ósk er 50% sérkennsla og 50% inn á deild. Gulla kemur inn 13:40 alla daga.**

### Læsi og samskipti

- Í hópastarfi og samveru fá börnin tækifæri til að tjá skoðanir sínar, koma fram og segja frá, segja sögu eða syngja. Börnin þjálfast í að lesa í aðstæður, hlusta og sýna virðingu þegar aðrir eru að lesa eða tala.
- Börnin fá tækifæri til að tjá sig og því er veitt athygli.
- Ýmiskonar hugtök mikið notuð og sett eru orð á sem flestar athafnir daglegs lífs. Allar stundir notaðar til málörvunar og til að æfa hlustun.
- Börnin hvött til að tjá sig með því að bjóða þeim að velja t.d. brauð eða kex, ost eða smjör o.fl. Yngri börnin byrja að æfa sig að skammta sjálf um áramótin. En eldri börnin eru farin að skammta sér sjálf.
- Mikil tjáning í samverustundum, sungið, lesnar bækur, farið með ljóð, þulur, sögur og ævintýri. Loðtöflur eru mikið notaðar.
- Í samveru skiptast börnin á að lesa bók fyrir hvort annað og er með því að tengja saman hið talaða mál og ritaða. Það sest í stól fyrir framan kennara og börnin og les, segir frá einhverju og syngur lag, framsetning æfð.
- Samverustundirnar eru þrjár og börnunum skipt niður á tvö svæði. Lesnar eru bækur í samverustundum og hópastarfi sem eflir málþroska barnanna og vitund. Lesinn er texti og börnin hvött til að bregðast við honum á fjölbreyttan hátt. Einnig spinna kennarar upp sögur, syngja, lesa, segja loðtöflusögur og skoða spjaldtölvur. Reglulega er farið í leiki sem ýta undir athygli, einbeitingu og læsi eins og hver er undir teppinu, einn hlutur hverfur o.fl.
- Námsefnið Lubbi finnur málbein ytir undir hljóðnám, stafa-hljóðabekkingu hljóðavitund og fleiri undirstöðu þætti fyrir lestrarnám. Við förum sérstaklega í bókina Lubbi finnur málbein, æfum máhljóð bókstafsins og vinnum með máhljóðið og bókstafinn í sameiningu með söng, lestri og umræðum.
- Börnin læra litina.
- Frauðstafir, farið er yfir stafi í gegnum leik. Spilað í hópastarfi.

- Lottóspil spiluð með börnunum, reynir á minni þeirra og snerpu, athygli og læsi.
- Unnið með líkamsþekkingu, tjáningu.
- Unnið með nærfjölskyldu barnanna.
- Bók lesin og farið yfir hugtök/orð og þau rædd. Einnig hugað að lesátt.
- Kennarar eru duglegir að grípa í bækur í biðtíma til að leyfa börnunum að skoða (lesa). Þannig hafa þau möguleika á að lesa útúr myndum og textum og spyrja út í stafi og fleira.
- Börnin mega alltaf koma með bók í leikskólann en ekki hvött til þess nema á bókadögum.
- Börnin læra að lesa í náttúruna og fylgjast með breytingum í henni, einnig lesum við í líðan hvers annars og lærum að þekkja svipbriðgin sem fylgja mismunandi skapi en þannig þróa börnin með sér læsi í víðum skilningi.
- Bókaval fer oft eftir árstíðum, hátíðum og hefðum í samfélaginu eða viðfangsefnum sem unnið er með sérstaklega.
- Kennarar syngja mikið fyrir börnin og með þeim ýmist í samverustundum, hópastarfi eða jafnvel í forstofu og baðherbergi. Það eflir málþroska og takt.
- Lagaval og söngval fer eftir árstíðum, hátíðum og hefðum í samfélaginu eða viðfangsefnum sem unnið er með sérstaklega
- Í september, janúar og maí er lögð fyrir börnin svokölluð stafa- og litapekking. Tilgangur þess er að kanna hvort börnin sýni framfarir í þekkingu á bókstöfunum og litum og þá hvort áherslur starfsins á deildinni skili sér til þeirra. Samhliða stafapekkingunni gera börnin sjálfsmynd sem settar eru í möppuna þeirra. Myndir af börnunum eru á stólum og í samveru til þess að börnin læri að þekkja nafnið sitt ritað.
- Afmælisdagatal - Blóm á vegg með myndum af börnunum og fæðingardagur.
- Stærðfræði. Í vetur ætlum við að leggja áherslu á að kynnst stærðfræðilegum hugtökum þ.e. að börnin læri að telja, skoða fjölda og fleira en það munum við gera í gegnum leik og söng.
- Söngvaflóð: samstarfsverkefni við tónlistarskólann á Akureyri. Vikulegir tímar með það að markmiði að gera börnin meðvitaðri um menningararfleið sína og tengja saman tónlist, hreyfingu og ljóð. Farið verður í þjóðlög, dægurlög, jólalög, barnalög, ljóð og vísur.
- Lag og þula mánaðarins. Ýmist læra börnin nýja þulu eða nýtt lag. Í vetur verða viðfangsefnin tengd við Söngvaflóð.

## Heilbrigði og vellíðan

- Kennarar huga að umönnun barna sálræna og líkamlega umönnun. Þeir leggja ríka áherslu á borin sé virðing fyrir hverjum og einum einstakling deildarinnar og passa að fremsta megni að gera öllum til hæfis. Notast er við að kenna SMT í öllu starfi deildarinnar og leiðbeina þegar þarf. Börnin eru hvött til að leysa úr ágreiningsmálum sjálf og er þeim leiðbeint ef þörf krefur. Reynt er að draga úr óæskilegri hegðun barna og koma í veg fyrir það með því að kenna og þjálfra félagsfærni. Gefa jákvæðri hegðun meiri athygli með markvissum hætti og samræma viðbrögð kennara í öllu.
- Börnin fá að tjá sig í litlum hóp og finna að þeirra skoðun skiptir máli en það ýtir undir sjálfstraust þeirra og félagslega færni.
- Lögð er áhersla á líkamsvitund, að börnin læri að þykja vænt um eigin líkama, þau eigi hann sjálf, og að börnin beri virðingu fyrir líkómum annarra.
- Með nánu samstarfi milli barna í öllum athöfnum reynir á samskipti, stjórn á tilfinningum og læra að lesa í tilfinningar annarra.
- Á salernum er lögð áhersla á sparneytni á vatni, sápu og pappír. Við matarborðið læra börnin að skammta sér hóflega, flokkun afganga og endurnýtingu þeirra.
- Daglega er útivera þar sem börnin fá hreyfingu og ferskt loft í lungun.
- Hreyfistund er einu sinni í viku, stundum verður valið að fara í vettvangsferð/ævintýraferð þar sem reynir á hreyfifærni barnanna en auk þess fá börnin fræðslu um nærumhverfi sitt. Í þessum ferðum er aðaláherslan að upplifa, kanna og njóta umhverfisins í kringum okkur en líka að kenna börnunum að bera virðingu fyrir náttúrunni. Í skipulögðum hreyfistundum eru gerðar alls kyns æfingar sem reyna á kraft, styrk, jafnvægi, samhæfingu og hugrekki. Þar eru þrauta- og stöðvabrautir, hóp- og hlaupaleikir, aga- og fyrirmælaæfingar, kjarkæfingar, frjáls æfing ofl. Í hreyfistundinni reynir einnig á að skiptast á, fara að reglum og sýna tillitsemi.
- Norðan við Pálmholt er Holtið en það felur í sér ótal möguleika til náttúruskoðunar og leikja. Þar eru klappir, hvalbök, fjölbreytilegt plöntu- og skordýralíf og dásamlegt útsýni til fjalla og fjarðar. Árstíðirnar ráða því hvað á Holtinu er að finna, á vorin og sumrin er kjörin tími til að kanna gróðurinn og skordýralífið, á haustin er hægt að fara í berjamó og tína fjallagrös og á veturnar

myndast í holtinu dásamlegar sleðabrekkur og snjófjöll. Umfram allt er þetta svæði kjörið fyrir ímyndunarleik barnanna. Reglulega verða farnar vettvangsferðir á Holtið ásamt göngu – og strætóferðum.

- Í vettvangsferðum er hugað að rusli í umhverfinu og það fjarlæggt.
- Börnin eru hvött til sjálfshjálpar í fataherbergi, við matarborð og við allar daglegar athafnir, allt ýtir þetta undir sjálfstæði þeirra og stolt. Auk þess er lögð mikil áhersla á hreinlæti og hvíld.
- Í matmálstímum og samverustundum verður komið inn á hollustu og mataræði. Börnin eru hvött til að borða fjölbreytt og hlusta á þarfir líkamans þegar kemur að því að skammta sér.

## Sjálfbærni og vísindi

- Eins og áður segir er börnum kennt að bera virðingu fyrir umhverfi sínu, fara vel með hluti og nota endurnýtanlegan og náttúrulegan efnivið í myndsköpun.
- Þriðja hvern mánuð sér deildin um að flokka upp úr Geymi endurvinnanlegan efnivið og eru börnin virkir þátttakendur í því ferli. Börnin safna lífrænum úrgangi í moltufötu og læra að flokka ruslið.
- Börnin taka þátt í að setja niður og taka upp kartöflur að vori og hausti.
- Börnin kynnast eðli ýmissa krafta og birtingarmyndum þeirra í umhverfinu. Í nóvember verður sérstök vísindavika þar sem unnið verður sérstaklega með þetta þema. Þá notum við tækifærið og athugum hvernig við skynjum t.d. muninn á heitu og köldu, mjúku og hörðu, grófu og fínu o.s.frv.
- Börnin kynnast stærðfræðilegum hugtökum eins og tölum og stærðum sérstaklega með aðstoð bóka og laga. Börnin læra að telja, skoða fjölda, lögun og stærð hluta.
- Börnin taka þátt í að undirbúa og baka fyrir uppákomudaga eins og foreldrakaffi, litlu jóla og fleira ásamt uppákomum í tengslum við hátíðir og hefðir.
- Síðasta föstudag í mánuði er bökuð afmæliskaka fyrir afmælisbörn mánaðarins. Þau börn skreyta afmæliskökuna áður en hún er snædd.

## Sköpun og menning

- Börnin taka þátt í skapandi ferli og fá að nota eigin sköpunarkraft. Þau fá tækifæri til að vinna með margvíslegan efnivið en lögð er áhersla á endurvinnanlegan efnivið.
- Börnin kynnast bókmenntum, þulum, sögum og ævintýrum. Það verða sérstakar tónlistarstundir í vetur þar sem lögð verður áhersla á söng, tónlist, hljóðfæri, hlustun, takt o.fl.
- Kennarar ræða við börnin um hin ýmsu málefni og hvetja þau til að tjá sig.
- Sérstakar stundir verða í listasmiðju í vetur þar sem tveir hópar fara annan hvern fimmtudag og gera verkefni. Börnin munu gera ýmis verkefni tengd myndsköpun og myndmáli. Hugmyndir þeirra verða svo skráðar út frá myndefni.
- Í samstarfi við tónlistarskólann eru vikulegir tímar, Söngvaflóð, þar sem Furu-Birki- og Greniholt koma saman og syngja valin lög við undirspil kennara frá tónlistarskólanum.

## Jafnrétti og lýðræði

- Börnin læra að bera umhyggju fyrir hvert öðru og að þau og þeirra skoðanir og tilfinningar skipta máli. Það hjálpar þeim að öðlast tilfinningalegt jafnvægi, jákvæð samskipti og betri félagsleg tengsl. Börnin fá að tjá sig í litlum hóp og finna að þeirra skoðun skiptir máli en það ýtir undir sjálfstraust þeirra og félagslega færni.
- Það er lagt upp úr því að skiptast á og sýna tillitsemi í hópastarfi og almennt í daglegu starfi. Börnin læra að allir eiga rétt á sinni skoðun og að allir eru mikilvægir.
- Notast er við lýðræðislegar kosningar innan barnahópsins til dæmis þegar börnin kjósa um SMT-umbun.